

Nafn skips og umdæmisnúmer:	Skipaskr. nr.:	Leyfilegt aflamagn:
Óli Óskars RE 175	0226	2 500
Seley SU 10	1361	1 890
Sigurður RE 4	0183	2 540
Súlan EA 300	1060	2 140
Svanur RE 45	1029	2 060
Sæberg SU 9	0252	2 000
Víkingur AK 100	0220	2 490
Þórður Jónasson EA 350	0264	1 940
Þórshamar GK 75	1501	2 000

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. reglugerðar þessarar er skipum þeim, sem upp eru talin í 1. gr. heimilt á tímabilinu 1.—15. mars 1981, að veiða án takmarkana á svæði vestan 22°24' v.lgd.

3. gr.

Afli skip meira af loðnu en því er heimilt samkvæmt 1. gr. verður andvirði þess, sem umfram er leyfilegt aflamagn gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

4. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar nr. 425 11. ágúst 1980, um veiðar á loðnu á haustvertíð 1980 og vetrarvertíð 1981.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. febrúar 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1981.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1981:

Óverkaður saltfiskur:	U.S. \$ pr. lest fob.
Stórfiskur nr. 1	2 900,00
Millifiskur nr. 1	2 700,00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	2 300,00
Smáfiskur 60/100 nr. 1	2 200,00

Verðbil verður 3½% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verði 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. febrúar 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

2. mars 1981.

Nr. 135.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1981.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, staðfestir ráðuneytið eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1981:

Vélskelflett rækja:

Færri en 350 stk. í lb.:

	SDR pr. lb. cif.
Blokkfryst	2,78
5x2 kg. og 4x2,5 kg. vatnshúðuð, sérfryst	2,78
5x2 kg. og 4x2,5 kg. óvatnshúðuð, sérfryst	2,92
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst	3,23
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst	3,39

Fleiri en 350 stk. í lb. og óflokkuð:

Blokkfryst	2,65
5x2 kg. og 4x2,5 kg. vatnshúðuð, sérfryst	2,65
5x2 kg. og 4x2,5 kg. óvatnshúðuð, sérfryst	2,78
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst	3,08
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst	3,23

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði. Verðin miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.